

27. ágúst 1976.

605

Nr. 326.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 532 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrjár nýir töluliðir er verði 29., 30. og 31. töluliður og orðist svo:

29. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	kr. 500.00
30. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	— 2 000.00
31. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum ..	— 2 000.00

2. gr.

29. töluliður 1. gr. reglugerðarinnar verður 32. töluliður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlist þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 27. ágúst 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

27. ágúst 1976.

Nr. 327.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 900.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 1 200.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

B 76